

Alþingi
Erindi nr. P 141/1440
komudagur 8.2.2013



Nefndasviðs Alþingis

Austursstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík og Akureyri 08. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samning Náttúruvernd (heildarlög), 429. mál

Sjálfsbjörg fagnar því að umrætt frumvarp sé komið fram. Hins vegar er það skoðun samtakanna að í frumvarpinu sé allt of langt gengið m.t.t. vermdar, og þar með á gengið á rétt þeirra, sem ekki geta sökum fötlunar, borið sig um á tveimur jafnfljótum, en hafa áhuga og löngun til að njóta náttúru Íslands..

- Í frumvarpinu er talað um almannarétt. Takmarkast hann við þá eina sem geta gengið ?
- Í greinargerð; „Samráðshóps ráðherra um aðgengi fatlaðra að náttúru Íslands“ sem var sérstaklega skipaður til undirbúnings fyrrgreindu frumvarpi stendur; „ákveðin þörf [er]... til staðar fyrir fatlað fólk eða aðra hreyfihamlaða til aksturs utan vega til að geta notið í auknum mæli náttúrunnar eða ýmissa tómsunda, sbr. veiða. „
- Til þessara þarfa er ekkert tekið tillit í frumvarpinu. ‘

Í munnlegri fyrirspurn svo og í blaðaviðtölum hefur ráðherra verið spurður út í þetta atriði, en fátt verið um svör. Enda er það svo að í frumvarpinu er ekkert um slíkar undanþágur. Ekki sést að hinar svo kölluðu umsýsluáætlanir eins og fram kemur í 81. grein frumvarpsins feli neinar undanþágur í sér.

Þá sagði ráðherra í svari við óundirbúinni fyrirspurn nú á þessum þingvetri „Í frumvarpi til náttúruverndarlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi og hv. þingmaður vísaði sérstaklega í, er sérstakt ákvæði þar sem gert er ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geti veitt slíkar undanþágur. Ég tel afar mikilvægt að þessi undanþágumöguleiki sé fyrir hendi á grundvelli þessara réttinda.“

Sjálfsbjörg hefur ekki rekist á umræddar undanþágur í frumvarpinu.

Ef ráðherra er hins vegar að vísa til 31. gr. þá fæst ekki séð að hún veit fötluðum sérstaka undanþágu umfram aðra eins og ráðherra hefur túlkað hana. Í 31. gr segir; „Umhverfisstofnun er einnig heimilt að veita undanþágur vegna annarra sérstakra aðstæðna og skal ráðherra í reglugerð samkvæmt grein þessari kveða á um nánari skilyrði fyrir veitingu þeirra. Í þeim tilvikum sem heimild er til aksturs utan vega er ökumanni skylt að gæta sérstakrar varkárni og forðast að valda náttúruspiöllum.“ Sjálfsbjörg leggur ríka áherslu á að þessu ferli fylgi ábyrgð, og gerist menn brotlegir sæti menn sektum.

Til greina kemur að slíkar undanþágur verði bundar við þá sem hafa gild stæðiskort fyrir fatlaða.

Ljóst er af framangreindu að við samningu frumvarpsins hefði mátt setja almenna undanþágu sem heimilar fötluðum akstur utan vega í þeim tilgangi að getað notið náttúrunar „eða ýmissa tómsunda, sbr. veiða“ svo aftur sé vitnað í umrædda skýrslu. Setja má blátt bann við akstur utanvega þar sem það er nauðsynlegt m.t.t. viðkvæmrar náttúru. Það að ætlast hins vegar til að fatlaðir sem hópur eða sem einstaklingar sækji um leyfi eða undanþágu í hvert skipti sem þeir vilja njóta tómsunda t.d. veiða gengur ekki upp.

Að lokum er mynnt á Sáttmála sameinuðu þjóðanna en þar segir meðal annars í markmiðs kafla; „Markmiðið með samningi þessum er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess.“

Og.

„9. gr.“

Aðgengi.

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi er opin eða látin í té, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem felast m.a. í því að staðreyna og ryðja úr vegi hindrunum og tálum sem hefta aðgengi.”

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra lýsir mikilli andstöðu við þetta frumvarp en óskar jafnframt eftir að fá að koma fund háttvirtar umhverfis og samgöngunefndar til að kynna sín sjónarmið frekar.

Virðingarfyllst

f.h Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra.

Bergur Þorri Benjamínsson

Málefnafulltrúi.

